

## **Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 31. janúar 2024:**

### **Tillaga Sjálfstæðisflokks um endurgjaldslausu poka undir umframúrgang meðan tafir á sorphirðu standa yfir.**

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að tryggja íbúum Reykjavíkur endurgjaldslausu poka fyrir umframúrgang meðan tafir á sorphirðu standa yfir. Sorphirða Reykjavíkur skilji pokana eftir fyrir utan heimili, þegar sorphirða hefur ekki staðist áætlun og umframsorp myndast við heimili.

### **Greinargerð:**

Eftir innleiðingu á nýju flokkunarkerfi sorps hefur sorphirða í Reykjavík gengið brögsuglega og víða verið fleiri vikum á eftir áætlun. Tunnur hafa víða staðið yfirfullar og umframsorp myndast við heimili. Hingað til hefur verið unnt að kaupa merka poka undir umframúrgang, annan en blandaðan úrgang, ýmist á N1 stöðvum í Reykjavík eða í þjónustuveri Reykjavíkur í Borgartúni 12-14. Telja fulltrúar Sjálfstæðisflokks rétt að útvega þeim heimilum í borginni slíka poka endurgjaldslausu, í þeim tilfellum sem sorphirða hefur ekki staðist tímaáætlun, enda hafa heimilin í borginni þegar greitt fyrir þjónustuna.